



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2017

Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: www.rmf.is

Titill: Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - blekhonnun.is

Forsíðumynd: Hnúfubakur í Skjálfaflóa © Charla Basran

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-13-2018

ISBN: 978-9935-437-79-2

ISSN: 1670-8857


Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Erlendir gestir á Húsavík sumarið 2017

NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2017 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Húsavík, Mývatnssveit, Akureyri, Siglufirði, Borgarnesi og í Reykjavík. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar á Húsavík. Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Framkvæmd könnunarinnar á Húsavík var unnin í samstarfi við þekkingarnet Þingeyinga.



EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Gestakomur	4
Ferðafélagar	5
Fjöldi samferðamanna	6
Gisting	7
Gistinætur	8
Gistimáti	9
Tilgangur ferðar	10
Ástæða heimsóknar	11
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	12
Ferðamáti	13
Dvalarlengd	14
Afþreying og þjónusta	15
Ánægja	16
Útgjöld	17
Athugasemdir	19
Samantekt	21

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda gesti á Húsavík sumarið 2017. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Könnunin á Húsavík hefur verið framkvæmd árlega frá sumrinu 2013. Sumrin 2013-2016 var um að ræða pappírskönnun á ensku, þýsku og frönsku en sumarið 2017 var könnunin einnig á spænsku. Framkvæmd könnunarinnar var jafnframt í fyrsta sinn með rafrænum hætti sumarið 2017 þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Könnunin var hýst hjá MMR sem sá um frumgreiningu gagna.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Húsavík stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í Breta,

Bandaríkjamenn o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Bretlandi, Bandaríkjunum o.s.frv.

Könnunin stóð yfir tímabilið 17. júlí til 15. ágúst og var framkvæmd frá kl. 9 til kl. 18. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spylar á vegum þekkingarnets Þingeyinga voru staðsettir á „Skansinum“ ofan Hafnarstéttar og neðan Gardarsbrautar. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra. Alls voru 605 erlendir ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 414 þátttöku, eða 68% aðspurðra. Gild svör voru 411. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 43 ár, hlutfall kvenna var 54% og karla 46%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.

Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 18 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum gesta í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2017. Útgjöld fyrri ára eru á verðlagi ársins 2017.


*United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics – International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

Hvert er búsetuland þitt?

Á Húsavík hefur hlutfall sumargesta frá Þýskalandi mælst hærra en á landsvísu undanfarin ár. Það hefur þó farið lækkandi á tímabilinu 2014-2017 á meðan Bandaríkjamönnum hefur fjölgað jafnt og þétt á svæðinu. Það er í nokkru samræmi við þróunina á landsvísu þótt enn sé hlutfall gesta frá Bandaríkjunum töluvert lægra á Húsavík.* Gæti það bent til vantttra sóknarfæra á Bandaríkjamarkaði.


Á myndina vantar hlutfall gesta frá Belgíu sem var 4% á Húsavík sumarið 2017 og hlutfall gesta frá Danmörku og Austurríki sem var 3%. Til að gera mögulegan samanburð við tölur á landsvísu flokkast þessi lönd með öðrum löndum sumarið 2017.*

*Ferðamálastofa. (e.d.). Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll 2003-2018. Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta á Húsavík sumrin 2013-2017 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll þá mánuði sem könnunin var framkvæmd á Húsavík sumarið 2017.



Gestakomur erlendra ferðamanna*

Þegar litið er til sömu landa og hér að framan í gestakomum Hagstofunnar á svæðinu frá Norðurþingi að Langanesbyggð má greina þróun í sömu átt og í könnuninni. Hlutfall Þjóðverja og Frakka lækkaði á meðan hlutfall Bandaríkjamanna hækkaði. Samarið 2017 var hlutfall Þjóðverja 21%, Frakka 12% og Bandaríkjamanna 14%.**




* Gestakomur erlendra ferðamanna í Norðurþingi, Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi og Langanesbyggð sumrin 2013-2017 (júní til ágúst).

**Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008 – 2017.

Með hverjum ferðaðist þú?


Langflestir ferðamanna voru á ferð með fjölskyldu eða vinum (87%). Um 9% þeirra voru í hópferð og 4% ferðuðust einir. Þetta eru svipaðar niðurstöður og á landsvísu sumarið 2017 þó heldur færri ferðuðust einir á Húsavík og fleiri væru í hópferð.* Litlar breytingar hafa orðið á samsetningu ferðafélaga erlendra gesta á Húsavík á tímabilinu 2013-2017. Hlutfall þeirra sem ferðuðust með fjölskyldu og vinum hefur mælst á bilinu 84-89%, hlutfall gesta í skipulagðri hópferð 5-9%, þeirra sem ferðuðust einir 4-7% og þeirra sem ferðuðust með vinnufélögum á bilinu 0,5-2%.



*Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017. Hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?


Algengast var að gestir ferðuðust annað hvort tveir saman (47%) eða í fjögurra manna hópi (19%). Er það í nokkru samræmi við niðurstöður sumarsins 2016. Í um 25% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för. Á landsvísu voru börn undir 18 ára aldri meðal ferðafélaga í um 16% tilvika.*



* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.


Dvaldir þú á Húsavík síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Sumarið 2017 var hlutfall þeirra erlendu ferðamanna sem dvöldu yfir nótt á Húsavík 28% og er það umtalsverð lækkun frá 2013 en þá dvöldu 55% yfir nótt. Alls sögðust um 42% gesta frá Frakklandi ætla að dvelja yfir nótt og 35% frá Þýskalandi. Hlutfallið var heldur lægra meðal gesta frá Bandaríkjunum þar sem það var 19%. Þrátt fyrir hlutfallslega fækkun gesta frá Frakklandi og Þýskalandi eru þessir markaðir því enn mjög mikilvægir fyrir húsvíska ferðaþjónustu.



Gistinætur erlendra ferðamanna*

Þó svo að hlutfall næturgesta hafi lækkað á Húsavík undanfarin ár hefur gistinóttum á svæðinu engu að síður fjölgað vegna aukins fjölda ferðamanna. Á tímabilinu 2013-2017 fjölgaði gistinóttum um 84% á svæðinu frá Norðurþingi að Langanesbyggð og voru alls um 123 þúsund árið 2017. Engin breyting varð á milli árána 2016 og 2017 og fjöldi gistinátta því sá sami. Alls námu gistinætur á svæðinu um 1,7% af heildarfjölda gistinátta á Íslandi árið 2017. Þegar einungis er litið til tímabilsins júní til ágúst var hlutfallið 2,9%. Flestar voru gistinæturnar yfir sumartímamann eða um 73% frá júní til ágúst og 92% frá maí til september svo árstíðasveiflan er töluverð á svæðinu.**




* Gistinætur erlendra ferðamanna eftir mánuðum í Norðurþingi, Tjörneshreppi, Svalbarðshreppi og Langanesbyggð 2013-2017.

**Hagstofa Íslands (e.d.). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum 2008 – 2017.

Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér eða hyggst þú nýta þér á Húsavík?


Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt á Húsavík sumrin 2013-2017 gistu flestir á tjaldsvæðinu. Sumarið 2013 var hlutfall tjaldsvæða hæst 53% en lægst sumarið 2015 þegar það var 35%. Hlutfall hótulgistingar var á bilinu 9%-24% á sama tímabili, lægst sumarið 2013 en hæst sumarið 2017. Hlutfall þeirra sem gistu á gistiheimilum lækkaði úr 23% sumarið 2013 í 11% sumarið 2017. Til annarar gistingar telst m.a. sumarhús og gisting í bifreiðum eða tjaldi utan tjaldsvæðis. Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótelum og gistiheimilum hæst sumarið 2017, alls 31%. Þar er ekki meðtalin gisting í hótélíbúðum sem tæp 5% ferðamanna nýttu sér. Þar næst kom hlutfall tjaldsvæða sem var 19%. Hlutfall einkagistingar á landsvísu var talsvert hærra en á Húsavík, eða um 16%.*



* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017
 ** Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburður með þessum hætti hér.
 ***Ekki var spurt sérstaklega um farfuglaheimili og einkagistingu á Húsavík sumrin 2013 og 2014

Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Húsavíkur?

Langflestir gesta sögðu megintilgang heimsóknar sinnar til Húsavíkur vera frí eða alls um 92%. Um 1% sögðust vera í vinnutengdum erindagjörðum og um 3% sögðust ætla að heimsækja vini eða ættingja. Skiptingin hefur verið nokkuð stöðug síðustu fimm sumur og í takt við niðurstöður á landsvísu.




* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017

Um var að ræða fjölvalsspurningu. Niðurstöður eru birtar sem hlutfall af heildarfjölda svara líkt og í landamæra- og viðhorfskönnun Ferðamálastofu.

Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Húsavík varð fyrir valinu sem áfangastaður


Langflestir (72%) komu til Húsavíkur vegna hvala eða hvalaskoðunar. Í 17% tilvika var ástæða heimsóknar sögð vera fyrirfram skipulögð ferð sem jafnvel var partur af hringferð eða hópferð og því ekki gefin frekari ástæða fyrir heimsókninni. Alls sögðust 6% gesta hafa komið vegna náttúrunnar eða fegurðar staðarins og 4% gesta komu til að skoða söfn. Aðrar ástæður heimsóknar voru m.a. meðmæli, hafið, höfnin, Norðrið, veitingar og fuglalíf.* Niðurstöðurnar voru nokkuð svipaðar og fyrri sumur. Ekki var spurt um ástæðu heimsóknar sumarið 2013.



*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum nefndu menn fleiri en eina ástæðu og því eru fleiri svör en svarendur.

Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Húsavík?


Ferðamenn á Húsavík virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls í um 77% tilvika. Um 16% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og 8% sögðu að ekki væri um sérstaka ákvörðun að ræða þar sem heimsóknin væri einungis hluti af lengri ferð. Um 2% svarenda sögðu að heimsóknin til Húsavíkur væri meginástæða Íslandsferðarinnar. Í ljósi þess að fleiri taka nú ákvörðun um að heimsækja staðinn áður en til landsins er komið og færri virðast einungis ætla að keyra í gegnum um hann má ætla að Húsavík sé að verða sterkari ferðamannasegull þó breytingarnar séu ekki stórvægilegar á milli ára.*



*Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda

Hvernig ferðaðist þú til Húsavíkur?



Langflestir ferðuðust til Húsavíkur með bílaleigubílum eða um 73% gesta. Um 7% voru í hópferð og 9% notuðu einkabíla. Hlutfall bílaleigubíla hefur verið á bilinu 64% til 76% á tímabilinu 2013-2017. Hlutfall áætlunarbifreiða (s.s. Strætó) hefur lækkað nokkuð, eða úr 11% í 1% og hlutfall einkabíla hefur verið á bilinu 6% til 9%. Hlutfall gesta sem voru í hópferð var nokkuð svipað (6%-7%) á tímabilinu. Annar ferðamáti telst t.d. flug, reiðhjól, puttaferðalag og bátar. Alls höfðu 4% komið með skemmtiferðaskipum, um 2% gesta komu með innanlandsflugi og sama hlutfall ferðaðist á puttanum.



Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Húsavík muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra gesta á Húsavík var 15,2 klst. Flestir dvöldu á staðnum í 3-6 klst. eða um 31% gesta. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 6,2 klst. og næturgesta 1,6 dagar (39 klst.).

Dvalarlengd erlendra gesta á Húsavík hefur styst úr 21,6 klst. sumarið 2013 í 15,2 klst. sumarið 2017. Hlutfall þeirra sem dvöldu yfir nótt lækkaði úr 55% í 27% á sama tíma. Þjóðverjar og Frakkar dvöldu að meðaltali í 16 klst. á staðnum sem er heldur lengri tími en hjá Bandaríkjamönnum sem voru í 11 klst.




Hvaða þjónustu / afbreytingu hyggst þú nýta þér á Húsavík?

Sumrin 2013-2017 ætluðu flestir að fara í hvalaskoðun og heimsækja söfn meðan á dvöl þeirra á Húsavík stóð. Gera má ráð fyrir að hlutföllin séu nokkuð hærri í könnuninni en í raunveruleikanum þar sem spurt er hvaða afbreytingu svarendur hygðust nýta sér óháð því hvort það gengi eftir eða ekki. Hlutfall þeirra sem áformuðu að fara í hvalaskoðun var á bilinu 69% til 81% á tímabilinu og hlutfall safngesta 43% til 74%. Athygli vekur lækkun á hlutfalli þeirra sem ætluðu í sund, á söfn, að skoða fugla og fara í gönguferð á Húsavík. Ástæður þessarar lækkunar koma ekki fram í niðurstöðum könnunarinnar en hafa ber í huga að meðaldvalarlengd gesta hefur styst talsvert á tímabilinu sem minnkar möguleika þeirra á að nýta sér afbreytingu staðarins.


Alls sögðust 78% gesta frá Frakklandi ætla í hvalaskoðun. Hlutfallið var 75% meðal gesta frá Þýskalandi og 64% meðal gesta frá Bandaríkjunum.

Færri nefndu aðra valkosti en þeir voru m.a. smökkun matvæla úr héraði, hestaferðir, gönguferð um bæinn með leiðsögn, menningarviðburður og veiði.



Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Húsavíkur?

Almennt voru ferðamenn mjög ánægðir (67%) eða ánægðir (31%) með dvöl sína á Húsavík. Rúm 2% sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir og enginn var óánægður. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,64 sem er hækkun úr 4,19 frá sumrinu áður. eru það mjög jákvæðar niðurstöður fyrir ferðaþjónustuna á Húsavík.* Bandaríkjamenn mældust með 4,90, Frakkar með 4,72 og Þjóðverjar með 4,49.




*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Húsavík eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á sólarhring voru 15.042 kr.* Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki afþreyingar en um 67% aðspurðra greiddi fyrir þann þjónustubátt meðan á dvöl þeirra stóð. Alls keyptu 64% gesta veitingar, 35% menningartengda þjónustu og 27% greiddu fyrir gistingu á staðnum. Meðalútgjöld gesta frá Frakklandi voru hærri en þeirra sem komu frá Þýskalandi og Bandaríkjunum eða tæpar 20 þúsund krónur í samanburði við rúmar 12 þúsund krónur meðal gesta frá Þýskalandi og Bandaríkjunum. Munaði þar mestu um útgjaldaliðina veitingahús, verslun og afþreyingu sem voru talsvert yfir meðallagi hjá Frökkum en undir meðallagi hjá Þjóðverjum. Útgjöld vegna gistingar voru langt undir meðaltali meðal Bandaríkjamanna enda hlutfall næturgesta lágt hjá þeim. Aðrir liðir voru nær meðaltalinu hjá þeim.

Frá sumrinu 2013 hafa meðalútgjöld erlendra ferðamanna mælst á bilinu 12.824 kr. til 15.486 kr. Þau voru hæst sumarið 2013 og lægst sumarið 2015.



*Útgjöldin miðast við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert og útgjöld fyrri ára taka mið af VNV án húsnæðis í júlí 2017.


Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Húsavík eftir útgjaldaliðum, -frh.

Afþreying hefur lengi verið veigamesti útgjaldaliður ferðamanna á Húsavík. Til afþreyingar telst m.a. hvalaskoðun og aðrar bátsferðir, gönguferðir með leiðsögn, hestaferðir, veiði og jeppaferðir. Sumarið 2017 var heildarfjöldi farþega í hvalaskoðun á Húsavík um 113 þúsund* og áætlaðar tekjur af miðasölu rúmur milljarður króna.

Meðalútgjöld vegna gistingar hafa lækkað úr 2.803 kr. sumarið 2013 í 1.819 kr. sumarið 2017 sem endurspeglar lækkandi hlutfall þeirra sem dvelja yfir nótt á Húsavík. Til menningar teljast m.a. söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna voru í langflestum tilvikum vegna eldsneytiskaupa.

Ef reiknað er með að heildarfjöldi erlendra ferðamanna á Húsavík árið 2017 hafi verið á bilinu 310-350 þúsund** má áætla að heildarútgjöld þeirra á svæðinu hafi verið um 4,7-5,3 ma.kr.

Um er að ræða nálgun út frá áætluðum fjöldataölum og hlutföllum svo niðurstöðunum ber að taka með fyrirvara. Engu að síður gefa þær vísbendingu um umfang atvinnugreinarinnar út frá gefnum forsendum.




*Hvalaskoðunarsamtök Íslands, 2018.

**Ferðamálastofa. [e.d.]. Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum.

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Húsavík?

Af þeim sem komu með athugasemdir varðandi dvöl þeirra á Húsavík nefndu 36% sérstaklega fegurð staðarins. Um 20% höfðu ekkert nema gott um heimsókn sína til staðarins að segja og 11% komu með athugasemdir tengdar hvöllum eða hvalaskoðun sem flestar voru jákvæðar. Alls nefndu 9% upplýsingaskort eða ófullnægjandi merkingar fyrir ferðamenn á svæðinu. Flestar athugasemdir tengdar veðri voru jákvæðar en um 5% svarenda fannst verðlagið of hátt. Færri nefndu aðra þætti s.s. að bæta þyrfti aðstöðuna á tjaldsvæðinu, skort á bílastæðum og salernum og hve rólegt væri á staðnum.

Þegar athugasemdirnar eru bornar saman við athugasemdir fyrra árs má greina mun á nokkrum þáttum og þá sérstaklega aukningu meðal þeirra sem töluðu um fegurð bæjarins. Einnig vekur athygli fækkun meðal þeirra sem kvörtuðu yfir aðstöðunni á tjaldsvæðinu og skorti á bílastæðum. Verður það að teljast jákvæð þróun. Minni munur var á milli ára varðandi aðra þætti.*



*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá

Ég elska Ísland

Allt gott hér

Fallegur bær

Gott veður

Gott fólk

Hátt verðlag

Fleiri upplýsingaskilti

Fallegt útsýni

Það þarf að laga aðstöðuna á tjaldsvæðinu

Við sáum hvali og áttum dásamlegan dag hér

Mjög gott hvalasafn

Bátarnir virtust ekki trufla hvalina

Frábært bílaverkstæði

Vond lykt á hafnarsvæðinu

Við erum bæði ánægð með bæinn og landið sjálft

Auðveld akstursleið en langt á milli bensínstöðva

Fleiri ruslafötur

Margir ferðamenn

Falleg fjöll

Ég er ánægður með að hér sé hvalasafn svo maður fái meiri upplýsingar um hvali eftir hvalaskoðunarferðina

Fleiri almenningssalerni

Hvalaskoðunarferðirnar eru of langar

Hér er rólegt

Gott að það er kostar ekkert að skoða garðana

Hér mætti vera meira næturlíf

Ég hefði viljað hafa upplýsingar á safninu á sænsku

Það væri fínt að hafa fleiri ferðir

Hér er kalt

Hér er fólkið fallegt og gestrisið

Frí bílastæði

Ég mun mæla með þessum stað

Hér er ekki of erilsamt sem er frábært

Vona að bærin haldist óbreyttur

Gott land

Öruggur staður

Frábær hvalaskoðun

Ef við hefðum haft meiri upplýsingar um staðinn hefðum við dvalið yfir nótt

Það kom mér á óvart hve mikið er hægt að gera hér

Fallegasti bær sem við höfum séð síðan við vorum í Reykjavík

Haldið öllu eins og það er, ekki stækka staðinn

Hér eru mörg skilti á þýsku og ensku, en við hefðum viljað sjá þau á frönsku líka.

Það mætti merkja betur göngustígana við bæinn, sérstaklega í kringum vatnið og við golfvöllinn

Við höfum skoðað okkur um í dag og munum örugglega koma hingað aftur

Starfsmenn Ólis voru mjög hjálplegir

Það voru of margir í búningaástöðunni við ostakerið

Ég er ekki sáttur við hvalaskoðunina

Ég vona að ég fái að sjá margar hvalategundir í ferðinni

Falleg kirkja

Ég vildi að ég gæti dvalið hér lengur

Snyrtilegur bær

Vínbúðin þyrfti að vera opin lengur

Steypireyðargrindin er mögnuð

Takk fyrir að taka á móti gestum hér

Húsavík er mjög heillandi bær og ég mun ganga um hann og skoða húsin eftir að hafa heimsótt safnið

Ferðaþjónusta á Húsavík hefur vaxið að burðum undanfarin ár og heimsóknum ferðamanna til staðarins fjölgað umtalsvert. Aðdráttarafl hvala er mikið enda voru þeir meginástæða heimsóknar í um 72% tilvika samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Ferðamenn eyddu um 15 þúsund kr. á sólarhring á staðnum og um helmingur útgjalda var vegna afþreyingar líkt og undanfarin sumur. Útgjöld vegna veitinga voru um 2.400 kr. og vegna gistingar um 1.800 kr. Útgjöld ferðamanna frá Frakklandi voru hærri en gesta frá Bandaríkjunum og Þýskalandi enda hlutfall næturgesta herra meðal þeirra. Endurspeglar það mikilvægi þess að gera gistingu á Húsavík ákjósanlegan valkost ferðamanna.

Meðaldvalarlengd ferðamanna á staðnum var um 15 klst. og hafði styst nokkuð frá árinu 2013 þegar hún mældist 22 klst. Hlutfall þeirra sem dvöldu yfir nótt hafði jafnframt lækkað. Sumarið 2013 sögðust 55% gesta hafa gist á staðnum yfir nótt en einungis 27% sumarið 2017. Algengasti gistimátinn var tjaldsvæði bæjarins þar sem rúmur þriðjungur næturgesta dvaldi. Hlutfall þeirra sem dvöldu á hóteli hækkaði úr 9% sumarið 2013 í 24% sumarið 2017. Framboð hótulgistingar hefur enda aukist til muna á tímabilinu. Árstíðasveiflan er töluverð á svæðinu en um 92% gistinátta voru frá maí til september 2017. Hefur hún þó aðeins minnkað þar sem sama hlutfall var 98% árið 2013.

Í langflestum tilvika var megintilgangur ferðarinnar frí og ferðafélagarnir fjölskylda og vinir. Um 4% ferðamanna voru í hópferð og 10% ferðuðust einir. Bílaleigubílar voru vinsælasti

ferðamátinn þar sem 73% gesta valdi þann kost. Flestir ferðuðust tveir saman í hópi og í um 25% tilvika voru börn með í för.

Í samanburði við fyrri ár taka fleiri ferðamenn nú ákvörðun um að heimsækja staðinn áður en til landsins er komið og færri ætla einungis að keyra í gegnum hann. Í ljósi þess má ætla að Húsavík sé að verða sterkari ferðamannasegull þó breytingarnar séu ekki stórvægilegar á milli ára.

Undanfarin ár hefur hlutfall sumargesta frá Þýskalandi og Frakklandi mælst herra á Húsavík en á landsvísu. Á tímabilinu 2013-2017 fór það þó lækkaði á meðan hlutfall gesta frá Bandaríkjunum hækkaði líkt og á landsvísu. Er það þó enn töluvert lægra á Húsavík sem bendir til vannýtttra sóknarfæra á Bandaríkjamarkaði.

Almenn ánægja var meðal gesta staðarins með dvölinu. Á skalanum 1-5 mældist ánægjustigið 4,6 og hafði hækkað úr 4,2 frá sumrinu áður. Athugasemdir gesta voru í langflestum tilvikum jákvæðar. Flestir nefndu fegurð staðarins og hvalaskoðun og athygli vakti að mun færri kvörtuðu yfir aðstöðunni á tjaldsvæðinu nú en sumarið áður. Bandaríkjamenn virtust almennt ánægðari en aðrir ferðamenn.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um þróun og stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu á Húsavík á tímabilinu 2013-2017. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðaþjónustu mikilvægt þúsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.